



25. mars 2022
Tilv.: 201338

Siðareglur Seðlabanka Íslands

Heilindi, áræðni, auðmýkt og fagmennska skulu einkenna störf og framgöngu starfsmanna Seðlabanka Íslands. Gildi Seðlabankans endurspegla starfshætti bankans, eru grundvöllur að trausti til hans og stuðla að því að hann nái markmiðum sínum.

Siðareglur Seðlabankans byggja á grunngildum bankans og fjalla nánar um þau siðferðislegu gildi sem starfsmenn bankans skulu tileinka sér og hafa að leiðarljósi í störfum sínum.

1. gr. Markmið og gildissvið

- 1.1 Markmið reglnanna er að stuðla að heilindum, fagmennsku, óhæði og trúverðugleika og standa þannig vörð um orðspor og sjálfstæði Seðlabankans og efla traust og tiltrú á starfsemi hans. Seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar, starfsmenn og aðrir sem starfa fyrir eða á vegum Seðlabankans, hér eftir nefndir einu nafni starfsmenn, skulu leggja sig fram við að fylgja siðareglunum og öðrum reglum sem þær vísa til.
- 1.2 Reglurnar taka mið af lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (stml.) og almennum siðareglum starfsmanna ríkisins. Reglurnar endurspegla gagnkvæma trúnaðarskyldu sem ríkir á milli bankans og starfsmanna hans. Sérstakar faglegar siðareglur geta jafnframt gilt fyrir ákveðna starfshópa innan bankans, svo sem fyrir starfsmenn innri endurskoðunar og starfsmenn sem stunda viðskipti fyrir hönd bankans. Við samningu reglnanna var haft samráð við starfsmenn bankans, sbr. 2. mgr. 15. gr. stml.

2. gr. Heilindi og fagmennska

- 2.1 Starfsmenn skulu koma fram af heilindum, trúmennsku og samvissusemi og með almannahag að leiðarljósi. Starfsmenn skulu viðhafa fagleg og málefnaleg vinnubrögð sem skapa traust á starfi þeirra og Seðlabankans. Þeir skulu byggja greiningar, niðurstöður, faglega afstöðu og ákvarðanir á bestu fánlegum upplýsingum hverju sinni og sjá til þess að mál séu nægjanlega undirbúin og upplýst áður en ákvörðun er tekin. Starfsmenn skulu veita þeim sem til þeirra leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar, þ.á m. benda þeim á, ef svo ber undir, hvert þeir geti leitað með erindi sín.

- 2.2 Starfsmenn skulu sýna kurteisi og lipurð og gæta réttsýni í framkomu sinni við þá sem þeir hafa samskipti við vegna starfa sinna. Þeir skulu gæta að orðspori Seðlabankans í hvívetna og forðast að hafast nokkuð að í starfi sínu eða utan þess sem er þeim til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á störf þeirra og bankans.

3. gr. Samskipti á vinnustað

- 3.1 Seðlabankinn leggur áherslu á að viðhalda jákvæðu starfsumhverfi þar sem allir njóta jafnréttis og borin er virðing fyrir sérstöðu og fjölbreytileika. Starfsmenn skulu kynna sér og fylgja þeim stefnum sem Seðlabankinn hefur sett sér.
- 3.2 Starfsmenn skulu sýna hver öðrum kurteisi og virðingu í hvívetna og leggja sitt af mörkum til að efla og viðhalda góðu starfsumhverfi, samstarfi og starfsanda. Þeir skulu virða skoðanir hvers annars og leitast við að eiga málefnaleg og opin skoðanaskipti.

4. gr. Hagsmunatengsl og hagsmunaárekstrar

- 4.1 Gjafir og þóknanir
Starfsmenn skulu ekki þiggja gjafir, fyrirgreiðslu eða þjónustu sem gætu haft áhrif á störf þeirra og ásýnd þeirra eða bankans. Slík móttaka starfsmanna á gjöfum, fyrirgreiðslu eða þjónustu getur leitt til hagsmunaárekstra, orkað tvímælis, dregið úr hlutleysi og haft áhrif á dómgreind þeirra í starfi. Þegar starfsmaður á í viðskiptum við aðila sem á hagsmuna að gæta, svo sem vegna eftirlits Seðlabankans eða viðskipta við hann, skulu þau vera á þeim viðskiptakjörum sem standa öðrum sambærilegum viðskiptamönnum til boða.
- 4.2 Boðsferðir
Starfsmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir, innanlands sem utan, af aðilum sem eiga hagsmuna að gæta svo sem vegna eftirlits Seðlabankans, viðskipta við hann eða meðferð stjórnáráða hjá bankanum, hvort sem um er að ræða skemmtiferðir eða kynnisferðir vegna einstakra fyrirtækja. Undantekningar eru ferðir sem talið er að hafi upplýsingagildi fyrir bankann eða geri bankann hæfari til að sinna hlutverki sínu. Um samþykki fyrir boðsferðum fer samkvæmt reglum um heimild starfsmanna til ferðalaga á vegum Seðlabanka Íslands og greiðslu kostnaðar vegna þeirra.
- 4.3 Persónuleg tengsl
Starfsmenn skulu gæta þess að vina-, hagsmuna- og skyldleikatengsl hafi ekki áhrif á störf þeirra. Starfsmaður skal upplýsa næsta yfirmann skapist hætta á að slík tengsl valdi hagsmunaárekstrum og skulu yfirmenn leitast við að haga verkstjórn með þeim hætti að komið sé í veg fyrir mögulegt vanhæfi starfsmanna við meðferð mála. Báðir aðilar skulu gæta þess að slík upplýsinga-gjöf sé skráð í skjalakerfi bankans.

4.4 Viðskipti starfsmanna

Starfsmenn skulu ekki stunda viðskipti sem gætu með réttu gefið tilefni til tortryggni að því er varðar meðferð og notkun upplýsinga, sem þeir öðlast í störfum sínum, eða geta skaðað trúverðugleika Seðlabankans. Starfsmönnum ber að leitast við að tryggja að viðskipti maka, sambúðar-aðila, ófjárráða barna og annarra aðila sem eru þeim fjárhagslega tengdir séu ekki til þess fallin að draga með réttu í efa óhlutdrægni starfsmannanna eða trúverðugleika Seðlabankans, t.d. með því að upplýsa þau um þær reglur sem gilda um starfsmanninn. Um viðskipti starfsmanna gilda reglur um viðskipti seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra, utanaðkomandi nefndarmanna og starfsmanna Seðlabanka Íslands við eftirlitsskylda aðila (nr. 303/2020). Séu starfsmenn í vafa um að einhver tilvik samræmist reglum sem gilda um viðskipti skal hann leita ráðgjafar þar um hjá regluverði bankans.

4.5 Upphaf starfs og starfslok

Starfsmenn skulu gæta að hæfi sínu við upphaf starfs og við starfslok. Starfsmönnum ber þannig í störfum sínum fyrir Seðlabankann að gæta að hæfi sínu gagnvart fyrri vinnustað, m.a. er varðar meðferð og notkun upplýsinga sem háðar eru trúnaði. Að sama skapi ber starfsmönnum að gæta að hæfi sínu við meðferð mála ef um ræðir aðila sem sóst hefur eftir því að ráða viðkomandi eða hafi starfsmaður sótt um starf hjá viðkomandi aðila. Við starfslok skulu starfsmenn gæta að því að þagnarskylda helst skv. lögum þótt látið sé af starfi.

5. gr. Tjáning á opinberum vettvangi

- 5.1 Um almenna upplýsingamiðlun starfsmanna f.h. Seðlabanka Íslands gilda starfsreglur um ytri upplýsingamiðlun Seðlabanka Íslands.
- 5.2 Við þátttöku í eigin nafni í umræðu um málefni sem tengjast starfsemi Seðlabankans skulu starfsmenn leitast sérstaklega við að vera málefnalegir, gæta varfærni og hófsemi í tjáningu sinni og virðingar gagnvart samstarfsfólki og viðmælendum og gæta að þagnarskyldu sinni skv. 41. gr. laga nr. 92/2019.
- 5.3 Taki starfsmenn þátt í opinberri umræðu í eigin nafni, hvort sem er á samfélagsmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi, í starfi stjórnmalaflokka, starfi hagsmunasamtaka eða í sambærilegu félagsstarfi skulu þeir ekki tengja starf sitt hjá Seðlabankanum við umræðuna og gæta að því að framganga þeirra og tjáning sé með þeim hætti að hún fari ekki á svig við trúnaðarskyldur þeirra gagnvart bankanum, eins og þær ráðast af stöðu og starfi viðkomandi, grafi undan orðspori og trúverðugleika Seðlabankans eða rýri á annan hátt traust til hans.

6. gr. Þagnarskylda og meðferð trúnaðarupplýsinga

- 6.1 Starfsmenn skulu í hvívetna gæta að því að meðferð trúnaðarupplýsinga sé í samræmi við 41. gr. laga nr. 92/2019, gildandi reglur bankans, t.d. reglur um

meðferð trúnaðarupplýsinga, reglur um net-, tölvupóst- og snjalltækjanotkun starfsmanna Seðlabanka Íslands og öryggisstefnu bankans.

7. gr. Ábyrgð, fræðsla og eftirfylgni

- 7.1 Hver starfsmaður er ábyrgur fyrir því að athafnir hans og gjörðir séu í samræmi við siðareglur þessar. Stjórnendur skulu kynna reglur þessar starfsmönnum og öðrum eftir því sem við á, ganga á undan með góðu fordæmi og með því stuðla að því að þær séu eðlilegur þáttur í starfsemi bankans.
- 7.2 Ábendingum um athæfi sem stríðir gegn siðareglum þessum skal koma til næsta yfirmanns, sem ekki á sjálfur hagsmuna að gæta, eða annarra viðeigandi aðila. Starfsmenn gjalda ekki fyrir ábendingar um lögbrot eða brot á siðareglum sem þeir hafa orðið áskynja um í starfi eða fyrir að leita réttar síns telji þeir á sér brotið.
- 7.3 Ef vafi leikur á innihaldi reglnanna, túlkun þeirra eða til hvers er ætlast skal leita til skrifstofu bankastjóra.

8. gr. Gildistaka

- 8.1 Reglurnar taka gildi frá undirritunardegi.

Reykjavík, 25. mars 2022

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri